

Fjárfestingafélagið Hvammur ehf.

Stjórnarfundur

Þriðjudaginn 07. mars 2023 var haldinn stjórnarfundur. Fundurinn var haldinn í fjarfundi og hófst hann kl. 15:15.

Fundinn sátu: Einar Jón Geirsson, Pétur Friðjónsson og Ingibjörg Þórunn Steinudóttir sem ritaði fundargerð.

Dagskrá:

1. Virðisaukaskattskvöð

Kristinn og Haraldur frá KPMG og Ingibjörg Jóhannsdóttir frá Dalabyggð komu inn á fundinn undir þessum lið og útskýrðu fyrir stjórnarmönnum að uppgötvast hefði að ennþá er útistandandi virðisaukaskattskvöð á félaginu eftir sölu á Ægisbraut 4. Einnig komu þeir með tillögur að úrlausn þessa máls.

Formanni er falið að leysa úr þessu máli.

2. Heimasíða

Komin eru þónokkur tilboð í heimasíðugerð en það á eftir að yfirfara þau betur. Pétri falið að vinna þetta áfram.

3. Suðurbraut 3

Kaupsamningur er í undirritun. Uppgjör verður um næstu mánaðarmót. Búið er að stilla upp uppkast af leigusamningi en það á eftir að yfirfara hann. Pétri falið að halda áfram með þá vinnu.

Stjórnin samþykkir að veita Arnóri Halldórssyni Hafstað hrl. umboð til að ganga frá kaupunum á fasteigninni. Umboðið skal ná til undirritunar á kaupsamningi, uppgjöri, afsali og öðrum nauðsynlegum skjölum vegna kaupa á fasteign.

4. Síbería

Send hafa verið drög að leigusamningi til tilvonandi leigjanda.

5. Ársreikningur

Vinna við ársreikning er vel á veg komin en það þarf að leysa úr virðisaukaskattsköðinn áður en hægt er að klára hann. Stefnt verður á að halda aðalfund í byrjun maí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 16:00.

Fundargerð staðfest í tölvupósti:

Einar Jón Geirsson,

Pétur Friðjónsson,

Ingibjörg Þórunn Steinudóttir